

Haustsýningin opnuð í kvöld

Haustsýning Félags íslenskra myndlistarmanna verður opnuð í kvöld í Listamannaskálanum og stendur yfir í næstu þrjár vikur.

Á sýningunni eru verk 36 listamanna, þar af 5 myndhöggvara. Sem gestur sýnir færeyski málari Ingvaldur av Reyni 4 málverk.

Nokkrir listamenn sýna nú á haustsýningunni í fyrsta sinn, en þeir eru: Ragnheiður Jónsdóttir, Gunnar Bjarnason, Mattea Jónsdóttir, Ólafur Gíslason, Kristín Eyfells, Sigríður Björnsdóttir og Sigurjón Jóhannsson.

Ný gerð gjaldmæla í leigubíla innan skamms


Innan tíðar munu verða athugaðar nýjar gerðir gjaldmæla í leigubifreiðir hér á landi og er það Bifreiðastjórafélagið Frami, sem stendur fyrir þeim athugunum. Auglýsti félagið eftir slíkum mælum á liðnu vori og

fékk 6—7 tilboð og eru fyrstu mælasýnishornin nú að koma til landsins.


Eins og kunnugt er geta farþegar ekki lesið upphæð þá, sem þeim ber að greiða fyrir akstur beint af þeim mælum sem nú eru í notkun í leigubifreiðum hér á landi, heldur sýnir mælirinn mjög lága upphæð og bifreiðarstjórinn reiknar síðan verðið út frá töflu sem hann hefur í fórum sínum. Hefur

ur þetta vakið óánægju margra og mikið verið um málið skrifað, en forsvarsmenn bifreiðarstjóra segja að mælur þeir sem nú eru í notkun séu þannig gerðir að mjög seinlegt sé að breyta þeim þannig að þeir sýni rétta upphæð og hækkanir séu svo tíðar hér, bæði hækkanir á taxa og vísitöluhækkanir, að ógerlegt reynist að stilla mælana eftir hverja hækkan.

Er blaðið hafði í morgun talið af Bergsteini Guðjónssyni fram-



kvæmdastjóra Frami sagði hann að mælasýnishornin sem eru að koma yrðu athuguð með það fyrir augum að finna mæla, sem fljótlega er að stilla en þá sem nú eru notaðir.



Gert við Faxagarð

Skemmdir urðu á Faxagarði bæði í vetur og vor, þegar skip rákust á hann í ofviðrum. Er nú verið að endurnýja dekk á honum og unnið að fleiri smáviðgerðum.

Sjálfkjörið til ASÍ-þings

Vísir skýrði frá því í gær, að sjálfkjörið hefði verið í verkálföngum í fögum rafvirkja og járníðnaðarmanna, á þing ASÍ, sem haldið verður um miðjan nóvember. Nú hefur orðið sjálfkjörið í þremur fögum til viðbótar, Dagsbrún, Landssambandi vörubifreiðarstjóra og Félagi afgreiðslustúlkna í brauða- og mjólkurbúðum.

Fulltrúar Dagsbrúnar eru: Eðvarð Sigurðsson, Guðm. J. Guðmundsson, Tryggvi Emilsson, Tómas Sigurðsson, Kristján Jóhannsson, Halldór Björnsson, Hannes M. Stephensen, Andrés Guðbrandsson, Árni Þormóðsson, Baldur Bjarnason, Björn Sigurðsson, Eyþór Jónsson, Guðm. Ásgeirsson, Guðm. Gestsson, Guðm. Óskarsson, Guðm. Valgeirsson, Gunnar Jónss., Hjalmar Jónsson, Hlynur Júlíusson, Högni Sigurðsson, Ingólfur Hauksson, Ingvar Magnússon, Jón D. Guðmundsson, Kristinn Sigurðsson, Páll Þórðsson, Pétur Ó. Lárusson, Ragnar Kristjánsson, Sigurður Gíslason, Sigurður Guðnason, Sigurður Ólafsson, Sveinn Gamalíelsson, Sveinn Sigurðsson, Þórir Frh. á bls. 6.

Nýr 10 króna seðill í umferð

Seðlabanki Íslands hefur gefið út nýjan tíu króna seðil, sem verður í umferð ásamt gamla seðlinum, sem heldur fullu gildi. Er nýi seðillinn prentaður í sama lit og sá gamli, en smábreytingar hafa orðið á honum aðrar.

Efst á framhlíð fyrir miðju kemur Seðlabanki Íslands í stað Landsbanki Íslands, Seðlabankinn.

Seðillinn er gefinn út samkvæmt lögum nr. 10 29. marz 1961. Eiginhandarundirskriftir tveggja bankastjóra Seðlabankans, Jóhannesar

Nordals og Jóns G. Mariassonar, eru prentaðar á seðlana. Fyrir fram á bæði númer hvers seðils eru stafirnir BA.

Á bakhlið kemur merki Seðlabanka Íslands í vinstra horn neðan til, í stað merkis Landsbanka Íslands, Seðlabankans.

Var skýrt frá útkomu nýja seðilsins í Lögbirtingablaðinu 10. sept.

Nýjar aðalbrautir

Eftirfarandi reglur hafa nýlega verið settar um umferð í Reykjavík: Hjarðarhagi er aðalbraut, en vikur þó fyrir Nesvegi og Suðurgötu.

Nesvegur er aðalbraut, en vikur fyrir hringtorgi við Háskólabíó og Hofsvallagötu.

Laugarnesvegur er aðalbraut, þó þannig að hann vikur fyrir umferð um Kleppsveg, Sundlaugaveg og Laugaveg. Bifreiðastöður verða bannaðar á Laugarnesvegi vestanverðum milli Kleppsvegar og Sundlaugavegar.

Álsamningurinn er orðinn fullgildur

Hinn 28. marz s.l. var undirritaður aðalsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Limited um byggingu álbræðslu í Straumsvík. Sama dag var undirritaður samningur milli

Lík við Litla Meitil

Gangnamenn úr Árnessýslu fundu lík s.l. mánudag um 100 metra fyrir suðaustan Litla Meitil á Hellisheiði. Reyndist líkið vera af 25 ára gömlum Bandaríkjamanni, William Walter Whitlow, sem hvarf 11. ágúst s.l.

Bandaríkjamadurinn hafði verið hér á landi u.þ.b. ár og starfað við blikksmiðju í Reykjavík. Þegar hann kom ekki til vinnu 11. ágúst s.l. var ráð fyrir því gert, að hann hefði farið úr landi, en útlendingar í vinnu hérlandis eru oftast nokkuð lausir við. Var því ekki auglýst eftir honum.

sömu aðila um framkvæmdatryggingu. Báðir samningarnir voru undirritaðir með fyrirvara um staðfestingu Alþingis. Aðalsamningurinn var lagður fyrir Alþingi 1. apríl 1966 og hlaut lagagildi með lögum nr. 76 frá 13. maí 1966, og hinn 28. júní 1966 var Íslenska álfélagið hf. stofnað. Voru þá jafnframt undirritaðir rafmagnssamningar milli Landsvirkjunar og Íslenska álfélagsins hf., hafnar- og lóðarsamningur milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og álfélagsins og aðstoðarsamningar milli álfélagsins og Swiss Aluminium Limited, en gildistaka aðalsamningsins var háð undirritun þessara samninga auk gildistöku lánsamnings milli Alþjóðabankans og Landsvirkjunar, sem undirritaður var hinn 14. þ.m. Lánsamningurinn tók gildi hinn 20. þ.m. og hlaut þá aðalsamningurinn fullnægð gildi samkvæmt gildistökuákvæði sínu svo og fylgisamningar hans.

Eldur í slökkvistöð!

Í gærmorgun kom upp eldur í slökkvi- og lögreglustöð sem er í byggingu á Geirseyri á Patraksfirði og urðu nokkrar skemmdir á einangrun og gluggum sem búið var að ganga frá. Múrarnar voru að vinnu við bygg

inguna og urðu þeir eldsins varir, en ókunnugt er um eldsupp-tök. Logaði mikill eldur á tíma biði en það tókst að slökkva hann fljótlega og varð tjón ekki mjög mikið.

„Heimsmeistarar í akstri verða að hlíta ökureglum“

segir lögreglan, og því fá Erik Carlsson og Pat Moss ekki að sýna listir sínar hér

Það verður ekki úr því, eins og margir höfðu vonað, að kappaksturshjónin Pat Moss og Erik Carlsson efni til einhvers konar kappaksturs eða ökusýningar hér. Þau verða að hlýða settum ökureglum og mega ekki fara yfir 70 km. hraða á klukkustund — „og það er ekki hægt að hafa ökusýningu með 70 km. hámarkshraða“, sagði Erik Carls-

son á fundi með blaðamönnum í gær, er þetta bar á góma.

Sveinn Björnsson, sem stendur fyrir komu hjónanna til Íslands sagði að leyfi-lögreglunnar til kappaksturs eða ökusýningar hefði ekki fengið og sömuleiðis hafði hann reynt að fá aðgang að Reykjavíkflugvelli til aksturs, en það hefði ekki tekizt.

Carlsson hélt fjölsóttan fyrir lestur í Háskólabíói í gær og sýndi kvikmyndir og í kvöld heldur hann fyrirlestur á Akureyri. Áætlaði hann að fljúga norður, en sagðist ef til vill myndu aka suður. Á morgun mun hann líklega fara í ökuferð um Reykjavík með lögreglunni, sem farþegi, og segja álit sitt á umferð í höfuðborginni, en Carlsson er kunnugur akstri víða um heim og hefur m.a., ásamt konu sinni, skrifað bók um akstur.